

Reykjavík, 3. desember 2007

**Umsögn Skýrr um tillögu til þingsályktunar um eflingu rafrænnar sjúkraskrár
(135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 29 – 29. mál)**

Umsögn Skýrr:

Lagt er til að fram komi á skýran hátt í tillögunni að taka þurfi tillit til breyttra markaðsaðstæðna á Íslandi frá því að greinagerðin frá ParX viðskiptaráðgjöf og IBM Business Consulting Services árið 2004 sem vísað er í var gerð, þar sem fleiri en eitt íslenskt sjúkraskrárkerfi eru á markaði í dag.

Tillagan þyrfti einnig að taka á því hvaða leið er heppilegust til þess að tengja saman á rafrænan hátt þau sjúkraskrárkerfi sem eru í notkun, í stað þess að halda á lofti „einu“ heilbrigðisneti. Skýrr telur ekki raunhæft, miðað við þær tækniþróanir sem hafa orðið á þessum markaði á undanförunum árum, að byggja upp eitt heilbrigðisnet, eðlilegra sé að tengja saman fleiri „net“ sem tala saman á stöðluðu formi og um leið að öll samskipti á netinu séu dulrituð.

Til að framkvæma þetta álitur Skýrr að setja ætti á fót nefnd með fulltrúum hugbúnaðarfyrirtækja sem þróa og selja rafræn sjúkraskrárkerfi ásamt fulltrúum heilbrigðisráðuneytis, landlæknisembættis og jafnvel persónuvernd. Einnig ættu aðilar frá sjúkrastofnunum, heilsugæslustöðvum og sjálfstætt starfandi sérfræðingar að koma að málinu. Hlutverk nefndarinnar væri að hanna samskiptastaðal þar sem fram kemur hvaða gögn og kóðunarkerfi á að nota í rafrænni sjúkraskrá. Gerð yrði krafa um að öll sjúkraskrárkerfi á íslenska heilbrigðismarkaðnum stæðust þær kröfur sem nefndin setur. Þannig munu öll sjúkraskrárkerfi geta átt samskipti í gegnum dulritað rafrænt heilbrigðisnet.

Tryggja þarf að heilbrigðisráðuneyti fjármagni ekki eitt sjúkraskrárkerfi/hugbúnaðarfyrirtæki. Skýrr telur réttara að ráðuneytið aðstoði stofnanir við kaup á kerfum, en sjúkrastofnanir, heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi sérfræðingar hefðu frjálssar hendur um hvaða kerfi er valið til að halda utan um rafræna sjúkraskrá. Með þessu er eðlileg samkeppni hugbúnaðarfyrirtækja tryggð og þar með er kaupendum tryggð hagkvæmari kjör.


Tillagan eins og hún lítur út í þskj.29 á vef Alþingis:

„ Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að á kjörtímabilinu verði lokið við innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum.“

Tillagan gæti þá litið út svona:

„ Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að á kjörtímabilinu verði lokið við innleiðingu rafrænnar sjúkraskrár fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. *Tryggð sé frjáls samkeppni milli sjúkraskrárkerfa með því að skilgreina opinberan samskiptastaðal fyrir þau sjúkraskrárkerfi sem munu eiga samskipti á dulrituðu formi á rafrænu heilbrigðisneti.*

F. h. Skýrr,



Þórólfur Árnason, Forstjóri
Sigrún Ámundadóttir, Framkvæmdastjóri Hugbúnaðarlausna
Arnheiður Guðmundsdóttir, Yfirmaður hugbúnaðarþróunar DIANA